

Nd.

78. Frumvarp til laga

[71. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu hins vegar skráð á nafn eiganda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini, skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, til sölu innanlands, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. og 4. gr., er fjármálaráðherra heimilt að verja samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er farið fram á heimild til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 200 millj. kr. Er frumvarpið efnislega að mestu samhljóða lagaheimildum, sem gefnar hafa verið á undanförnum árum til útgáfu spariskírteina. Þó er sú breyting gerð, að skuldabréfin og spariskírteinin eru gerð nafnskráð, en ætlað er til, að þau njóti sams konar skattfrelsis og undanþágu frá framtalsskyldu og fyrri útgáfu slíkra bréfa. Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar ekki skýringa.

Spariskírteini ríkissjóðs hafa áunnið sér góðan markað, og hafa síðustu útgáfur sýnt, að mikil og almenn eftirspurn er eftir þeim. Telur ríkisstjórnin, að skilyrði séu nú hagstæð til útgáfu verulegra viðbótarfjárhæða í ríkisskuldabréfum, þar sem tekjur almenninga eru miklar, eins og skýrt hefur komið fram í mjög auknum innflutningi og hækkandi verði á fasteignamarkaði. Með því að gefa almenningi nú kost á að kaupa spariskírteini með hagstæðum kjörum, vill ríkisstjórnin reyna að stuðla að því, að meira af ráðstöfunarfé þjóðarinnar verði bundið sem sparnaður, sem staðið geti undir nauðsynlegri efnahagslegri uppbyggingu.

Svo sem segir í frumvarpinu, er ekki ætlað til þess, að því fé, sem nú verður aflað með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, verði þegar ráðstafað til ákveðinna þarfa. Í stað þess verði féð nú lagt til hliðar, en ríkisstjórnin mun væntanlega gera tillögur til Alþingis um notkun þess í sambandi við framkvæmdaáætlanir á árinu 1972. Telur ríkisstjórnin þessa leið hafa tvo mikilvæga kosti.

Í fyrsta lagi mun sala verðbréfa nú hafa nokkur áhrif til að hamla bæði á móti aukningu innflutnings og þeirri þenslu á íbúðamarkaðnum, sem siglt hefur í kjölfar vaxandi tekna.

Í öðru lagi mun aukin fjáröflun nú styrkja fjárhagslegan grundvöll undir áform ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir á næstu árum. Er það m. a. skoðun hennar, að brýna nauðsyn beri til að reyna að fjármagna sem mest af fjárfestingu landsmanna með innlendum sparnaði á meðan efnahagur landsins er hagstæður, en reyna jafnframt að draga úr erlendum lántökum.